

Gjaldskrá

Tónlistarskóla Garðabæjar

1. gr.

Skólagjöld Tónlistarskóla Garðabæjar eru innheimt samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra.

2. gr.

Skólagjöld skólaárið – 2018 - 2019 eru eftirfarandi:

Forskóli	kr.	45.000
Hljóðfæranám, hóptímar	kr.	43.000
Hljóðfæranám – grunn og miðstig, fullt nám	kr.	99.300
Hljóðfæranám – framhaldsáfangi, fullt nám	kr.	109.000
Söngnám – grunn og miðáfangi, fullt nám	kr.	99.300
Söngnám – framhaldsáfangi	kr.	109.000
Suzuki nám	kr.	88.000
Hljóðfæraleiga	kr.	10.600

3. gr.

Greiða skal staðfestingargjald kr. 10.000 við innritun og er það óendurkræft.

4. gr.

Samningur skal gerður við nemendur og forráðamenn um hljóðfæraleigu þar sem m.a. eru skilmálar um meðferð hljóðfæra.

5. gr.

Í þeim tilvikum sem systkin yngri en 18 ára stunda nám við skólann skal veittur systkinaafsláttur fyrir eldra systkin eða eldri systkin. Systkinaafsláttur skal nema 20% fyrir annað systkin og 30% fyrir þriðja systkin. Við ákvörðun afsláttar skal miða við fjárhæð gjalda þannig að það systkin sem greiðir næst mest skal fyrst njóta afsláttar o.s.frv.

6.gr.

Nemandi sem stundar nám á fleira en eitt hljóðfæri skal veittur 20% afsláttur frá námsgjaldi á annað hljóðfæri.

7. gr.

Gjalddagar skólagjalda skulu vera 1. október, 1. nóvember og 1. desember. Heimilt er að greiða gjöldin með greiðslukortum samkvæmt samkomulagi við bæjarskrifstofur Garðabæjar sem annast innheimtu gjaldanna.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt á fundi bæjarráðs Garðabæjar 26. júní 2018 og gildir frá og með skólaárinu 2018–2019.

Garðabæ, 26. júní 2018
Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.